

**Sýning á Kjarvalsstöðum á „Patchwork Quilt" teppum frá ýmsum fylkjum bandaríkjana, flest frá árunum 1860—1900. Einnig eru sýnd verk nokkurra nemenda VIRKU í bútasaumi.**

Bútasaumur hefur aukist mikið, því með honum má vinna nýjar hugmyndir á gömlum grunni, sem nær margar aldir aftur í tíman. Í gamla daga byrjaði þetta þannig, að barnaföt voru oft saumuð upp úr fötum fullorðinna og svo þegar börnin voru búin að slíta sínum þá voru heillegustu fletirnir klipptir út í búta sem síðan var safnað til að búa til teppi, púða og ýmsa aðra hluti. Einnig voru allir bútar, sem gengu af við saumaskap notaðir. Þegar síðar var auðveldara að fá bómull þá varð þetta meira tómstundargaman eða list og þá gjarnan notað til gjafa, þannig að oft urðu þetta einskonar erfðargripir.
Vinsældir bútasaums stafar m. a. af því, að fólki líkar handverk og hlutir verða persónulegri heldur en verksmiðjuframleiddir hlutir. Einnig hafa gerviefni verið á undanhaldi og 100% bómull orðið mjög vinsæll í hvers konar fatnað, gardinur o. fl. til heimilisnota.
Í bútasaum hefur fólk eingöngu viljað vönduð og meðfærileg efni frá viðurkenndum framleiðendum, vegna þeirrar miklu vinnu, sem fólk leggur oft í bútasauminn og vill ekki eiga neitt á hættu, því bómull er misjöfn.

Sýningin verður opin daglega kl. 14.00—22.00 21. mars.

Komið hefur fram áhugi á stofnun bútasaumaklúbba hér á landi og hefur Mrs. Marti Nichell boðist til að skýra frá starfsemi slíkra blúbba í Bandaríkjunum.

Listi fyrir áhugafólk liggur frammi á Kjarvalsstöðum til 15. mars, en þá er fundurinn fyrirhugaður kl. 22.00.

**VIRKA sf.**

**KLAPPARSTÍG 25—27**